

Reykjavík, 19. apríl 2017

Efni: Elding hvalaskoðun Reykjavík ehf og Hvalaskoðun Akureyri ehf. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402 á 146. löggjafarþingi.

Fyrirtækið Elding hvalaskoðun var stofnað árið 2000 fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt og fyrir 2 árum var tekin ákvörðun um að fjölga bátum í Reykjavík til að geta tekið á móti þeim fjölda sem vildu nýta þjónustu fyrirtækisins. Árið 2016 ákvaðu stjórnendur Eldingar að hefja rekstur á Akureyri en það er í samræmi við þá áherslu að stuðla að dreifingu ferðamanna um landið. Mikil áhersla hefur verið á markaðsetningu á ferðum fyrirtækisins á Akureyri yfir vetrarmánuðina en verulega vantar upp á nýtingu á hótelum, veitingastöðum og afþreyingu á landsbyggðinni yfir vetrarmánuðina. Elding hefur alls lagt í um 300 milljón króna fjárfestingu í uppbygginu og markaðsetningu á ferðum sínum á Akureyri.

Hækkun á virðisaukaskatti og þar með hækkun á útsöluverði mun gera okkur verulega erfitt að halda áætlunum okkar til frekari uppbyggingar og sjáum við fram á að ef hækkunin verður að veruleika munum við þurfa bæði að draga verulega saman í núverandi rekstri og hætta við framtíðarplön um færa okkur yfir á önnur ný svæði.

Mörg fyrirtæki í ferðþjónustu hafa þegar neyðst til að grípa til þess að hagræða í rekstri og jafnvel draga úr framboði og endurskoða áætlanir um útvíkkun á starfseminni út á land. Nú þegar hefur orðið töluverður samdráttur í bókunum frá ferðaskrifstofum á afþreyingu. Þegar heildarpakkinn hefur hækkað eins mikið og raun ber vitni í erlendri mynnt þá grípa ferðamenn óhjákvæmilega til þeirra ráða að kaupa ódýrari afþreyingu og kaupa minna af henni.

Ef virðisaukaskattur verður hækkaður þá munum við Íslendingar vera að verðleggja okkur út af kortinu fyrir marga ferðaheildsala og viðskiptavinum þeirra. Hækkun á virðisaukaskatti mun gera okkur enn erfiðara fyrir en þegar er orðið að vera samkeppnishæf í verði miðað við samskonar afþreyingu í öðrum löndum. Hér verður að muna að ferðþjónustann verðleggur sig 18-24 mánuði fram í tímann og því er algjörlega ósættanlegt að gefa aðeins 13 mánaða fyrirvara á fyrirhuguðum hækkunum.

Við erum þegar farin að finna fyrir miklum samdrætti í bókunum og breyttri kauphegðun út af hækkandi verði (sterk króna og launahækkunir). Við vitum ekki hvernig þetta endar en það eru hættumerki á lofti og við erum mjög áhyggjufull eins og mörg önnur afþreyingarfyrirtæki þar sem við erum öftust í röðinni í kaupferlinu. Hækkun á virðisaukaskatti mun gera okkur mjög erfitt fyrir, bæði með að halda uppi aðsókninni og að fara í frekari uppbyggingu.

Staðreyndin er einfaldlega sú að ef ætlunin er að eyðileggja þá fjárfestingu sem grasrótarfyrirtæki í ferðaþjónustu hafa staðið fyrir undanfarin ár og stöðva áframhaldandi vöxt og uppbyggingu úti á landi er hækkun á virðisaukaskattinum frábær leið.

G. Vignir Sigursveinsson

Framkvæmdastjóri Hvalaskoðunar Akureyri ehf

Stjórnarmaður og einn af eigendum Eldingar hvalaskoðunar Reykjavík ehf